



UMFERÐARSTOFA

Alþingi  
Erindi nr. P 138/998  
komudagur 25.1.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

19. janúar 2006  
Mál nr. 09120071

**Umsögn um frumvarp til laga um  
rannsókn samgönguslysa, 279 mál.**

Jafnframt því að vísa til tölvupósts nefndasviðs Alþingis, dagsetts 28. desember 2009, þar sem samgöngunefnd óskar umsagnar Umferðarstofu um frumvarp til laga um rannsókn samgönguslysa, skal eftirfarandi tekið fram.

Þegar frumvarpið var á sínum tíma til meðferðar í samgönguráðuneytinu, kom Umferðarstofa á framfæri ítarlegum athugasemdum. Á þeim nótum eru hér settar fram nokkrar minni háttar aths. við frumvarpið:

**Um 1. gr.**

*Aths.: 2. og 3. mgr. 1. gr. sýnast fremur eiga heima í 2. gr. um gildissvið.*

**Um 2. gr.**

A. Lagt er til að í c-lið 1. mgr. í stað „einstaklingur“ komi: „maður“.

*Aths.: Í 1. tölulið d-liðar 1. mgr. er orðið „maður“. Líklega tekur orðið „einstaklingur“ ekki til annarra en manna og því heppilegt til samræmis að nota „maður“ í c-lið sem í d-lið.*

B. Lagt er til að q-liður orðist svo: Umferðarslys: Þar sem a.m.k. eitt ökutæki á hreyfingu á aðild að slysi vegi eða svæði sem opið er almennt umferð.

*Aths.: Ekki er ljóst hvað „opinber vegur“ merkir Ekki sýnist skipta máli í sambandi við orðskýringuna hvort slys verður á opinberum vegi eða einkavegi.*

**Um orðið „samgönguslys“.**


Orðið „samgöngur“ hefur verið skýrt sem ferðalög milli staða, möguleikar og aðbúnaður til ferða og flutninga. „Orðin „góðar samgöngur“ hafa verið skýrð sem tíðar ferðir, greið leið.

Orðið „umferðarslys“ hefur verið skýrt sem slys (á fólki eða farartækjum) vegna árekstrar eða annars óhapps í umferðinni, umferð á vegum (oftast um bílaumferð). Slys sem verða á í lofti og á leigi eru nefnd flugslys og sjóslys.


Spurning er hvort heppilegt sé að nota orðið „samgönguslys.“ Í stað þess mætti nota orðið „slys“ og skýra það þannig í 3. gr.: „Slys: Slys sem verður í umferð á láði, í lofti og á legi.“ Orðið „samgönguslys“ hljómar dálítið undarlega.

Í stað „rannsóknarnefnd samgönguslysa“ mætti nota „slysarannsóknarnefnd“, styttra, þjálfa.

Virðingarfyllst,



Karl Ragnars



William Thomas Möller